


NÁM AÐ LOKNUM GRUNNSKÓLA

UPPLÝSINGAR FYRIR FORELDRA

HENNÝ SIGURJÓNSDÓTTIR NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFI



ÚR GRUNNSKÓLA Í FRAMHALDSSKÓLA

- Að taka sína fyrstu ákvörðun um eigin náms- og starfsferil markar ákveðin tímamót í lífi hvers unglings.
- Það er í senn spennandi en líka svolítið kvíðvænlegt að kveðja grunnskólann sinn og hefja nám á nýju skólastigi. Möguleikarnir virðast óteljandi. Margir skólar að velja úr og mikið námsframboð bæði til bóknáms og starfsnáms.
- Námsleiðir eru fjölbreyttar og taka mið af ólíkum þörfum nemenda og gefa þeim tækifæri til að velja sér nám eftir sínu áhugasviði.
- Nám er ævilangt ferli. Náms- og starfsþróun stendur ævina á enda.

REYNSLA FORELDRA AF FRAMHALDSSKÓLUM

- Það hafa orðið miklar breytingar á framhaldsskólakerfinu á undanförunum árum.
 - Stytting á námi
 - Aukið námsframboð
 - Breyttir kennsluhættir
 - Bekkjarskólum hefur fækkað
 - Nemendur eru ekki lengur í forgangi vegna búsetu
- Það er því ekki víst að kunnátta foreldra á kerfinu síðan þau voru sjálf við nám eigi við núna.

HLUTVERK FORELDRA

- Verið styðjandi og berið virðingu fyrir hugmyndum unglinganna, þau eru að velja fyrir sig og sína framtíð.
- Foreldrar geta aðstoðað unglinginn sinn með því að:
 - Eiga samræður um námsval, hlusta á skoðanir og sýna áhuga
 - Spyrja spurninga í stað þess að gefa ráð og svör
 - Forðast að bera saman við aðra
 - Vera þátttakendur, mæta á opin hús og kynningar, skoða heimasíður skólanna
 - Skapa forvitni í kringum valmöguleikana, t.d. með því að skoða heimasíður þar sem framhaldsskólanemendur kynna sitt nám (sjá áhugaverða linka á næstu glæru)

NOKKRAR GAGNLEGAR VEFSÍÐUR

- [Fagfólkið](#) – viðtöl við fólk sem vinnur við hin ýmsu störf
- [Nema hvað](#) – upplýsingar um iðn-, verk- og tæknimenntun
- [Næsta skref](#) – upplýsingar um nám og störf
- [Nám og störf](#) – upplýsingar um nám og störf í iðngreinum
- [Landspítalinn](#) – myndbönd um hin ýmsu störf innan spítalans
- [Áttavitinn](#) – upplýsingar um framhaldsskóla og ýmislegt annað áhugavert

NÁMSVAL

- Margir þættir sem nemendur velta fyrir sér þegar þeir taka ákvörðun
 - Áhugi
 - Námsframboð
 - Staðsetning
 - Félagslíf
 - Foreldrar og aðrar fyrirmyndir
 - Félagarnir
 - Bekkja- eða áfangakerfi
 - Orðspor skólanna

AÐ VELJA FRAMHALDSSKÓLA

- Velja eftir áhugasviði, skoða vel námsframboð hvers skóla í stað þess að velja skólann fyrst.
- Áhugi á námi og störfum spáir fyrir um starfsánægju og gleði í starfi.
- Upplýsingar um námsframboð má finna:
 - Á heimasíðum skólanna, þar eru líka t.d. upplýsingar um inntökuskilyrði
 - Hjá náms- og starfsráðgjafa
 - Í framhaldsskólunum, opin hús og kynningar
 - Í gegnum Bendil, áhugasviðskönnun (náms- og starfsráðgjafi leggur fyrir)
 - Hjá umsjónarkennara

MIKILVÆGT AÐ HAFNA Í HUGA

- Að kynna sér vel **inntökuskilyrði** inn á einstakar brautir en þau geta verið mismunandi eftir brautum og skólum.
 - Nær allir skólar horfa fyrst og fremst á einkunnir í íslensku, stærðfræði og ensku en aðrar námsgreinar geta svo bæst við eins og danska, samfélagsfræði og náttúrufræði, allt eftir því hvaða braut er verið að sækja um á.
- Að á hverju ári komast talsvert færri að en vilja á vinsælar námsbrautir og í vinsæla skóla.
- Að allir sem eru með stjörnumerktar einkunnir í einstaka greinum þurfa að byrja á því að sækja um á framhaldsskólabraut eða almennri braut áður en þeir halda áfram í verklegt eða annað bóklegt námi.

STARFSNÁM

- Starfsnám er bæði bóklegt og verklegt nám.
- Starfsnám skiptist í:
 - Iðnnám sem veitir lögvernduð starfsréttindi (rafvirki, matreiðslumaður, smiður ofl.)
 - Annað starfsnám sem veitir undirbúning fyrir ákveðin störf (sjúkraliði, tanntæknir, heilsunuddari ofl.)
- Hægt að bæta við sig viðbótarnámi til stúdentsprófs.
- Kennt í:
 - Borgarholtsskóli
 - Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
 - Fjölbrautaskólinn við Ármúla
 - Menntaskólinn í Kópavogi
 - Tækniskólinn

LISTNÁM

- Margir skólar bjóða upp á list- og hönnunarnám.
 - Er bæði verklegt og bóklegt.
 - Hægt að bæta við sig námi til stúdentsprófs ef brautin er ekki stúdentsprófsbraut.
 - Dæmi um listnám: Gull- og silfursmíð, leiklist, myndlist og tónlist.
- Kennt í:
 - Borgarholtsskóli
 - Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
 - Fjölbrautaskólinn í Mosfellsbæ
 - Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
 - Fjölbrautaskólinn við Ármúla
 - Tækniskólinn
 - Myndlistaskólinn í Reykjavík
 - Menntaskóli í tónlist
 - Menntaskólinn við Hamrahlíð

BÓKNÁM TIL STÚDENTSPRÓFS

- Skipulagt sem undirbúningur að námi í háskóla.
- Í kjarna eru námsgreinar sem öllum nemendum er skylt að taka.
- Nemandi velur sér braut, þær algengustu eru:
 - Félagsfræðibraut: Áhersla á félagsfræði, sögu, sálfræði...
 - Hugvísinda-/málabraut: Áhersla á tungumál, sögu, heimspeki...
 - Náttúrufræðibraut: Áhersla á stærðfræði, líffræði, eðlisfræði, efnafræði...
 - Viðskiptabraut: Áhersla á viðskipta og hagfræðigreinar
- Aðrar brautir eru t.d. opin braut, íþróttabraut og nýsköpunar- og listabraut.

BEKKJAR- OG ÁFANGAKERFI

- **Áfangakerfi**

- Námsefni skipt niður í sérstaka áfanga, eina önn í senn og lýkur hverri önn með lokaprófi í viðkomandi áfanga.

- **Bekkjarkerfi**

- Nemendum skipt í bekki sem fylgjast að allan veturinn og lokaeinkunn að vori skilar nemendum áfram í næsta bekk.

- <http://attavitinn.is/nam/framhaldsskoli/bekkjarkerfi-eda-afangakerfi>

FRAMHALDSSKÓLAR EFTIR KERFUM

- Bekkjarkerfi

- Menntaskólinn í Reykjavík
- Kvennaskólinn í Reykjavík
- Verzlunarskóli Íslands
- Menntaskólinn á Akureyri

- Áfangakerfi

- Borgarholtsskóli
- Fjölbrautaskólinn við Ármúla
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
- Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- Menntaskólinn við Hamrahlíð
- Menntaskólinn við Sund
- Menntaskólinn í Kópavogi
- Tækniskólinn

INNTRITUN – MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR

- **Forinnritun 10. bekkinga fer fram 8. mars til 13. apríl**
Forinnritun nemenda sem ljúka munu 10. bekk vor 2021 (fæddir 2005 eða síðar) hefst 8. mars og lýkur 13. apríl nk.
- **Lokainnritun 10. bekkinga fer fram 6. maí til 10. júní.**
Nemendur í 10. bekk geta sótt um eða breytt umsóknum sínum á þessu tímabili, allt fram til miðnættis 10. júní. Einkunnir þeirra flytjast sjálfkrafa frá grunnskólanum inn í umsóknargrunninn.
- **Innritun nemenda í matvælagreinar**
Innritun nemenda í matvælagreinar við Menntaskólann í Kópavogi fer fram 1. mars til 1. apríl. Innritun í matartækni við Verkmenntaskólann á Akureyri verður frá 1. mars til 31. maí.

FORINNTRITUN

- Forinnritun 10. bekkinga fer fram 8. mars – 13. apríl.
- Nemendur sækja um **tvo skóla í forinnritun** og setja í fyrsta val þann skóla sem þeir vilja helst fara í.
- Nemendur **velja sér tvær brautir** í hverjum skóla og setja í fyrsta val þá braut sem þeir vilja helst fara á.
- Sótt er um inn á <http://menntagatt.is>
 - Kynningarefni um innritun <https://prezi.com/view/BTXKQwOJqr3z6qBa8kK9/>
- Nemendur fá **veflykil** afhentan í skólanum.
 - Ef hann týnist geta foreldrar/forráðamenn nálgast hann með íslykli eða rafrænum skilríkjum inn á menntagatt.is

LOKAINNRITUN

- Lokainnritun 10. bekkinga fer fram 6. maí til 10. júní.
- Ef áhugi nemandans eða forsendur hafa **ekki** breyst frá því sem valið var í forinnritun þarf ekki að breyta neinu, þ.e. umsókn úr forinnritun gildir.
- Niðurstöður innritunar fyrir haustönn liggja fyrir í lok **júní** í síðasta lagi.
- Greiðsluseðill fyrir skólagjöldum er sendur á heimilisfang eða í heimabanka forráðamanna.
- Athugið að ef **skólagjöld eru ekki greidd** fyrir gjalddaga/eindaga er litið svo á að nemendur hafi hafnað skólavist.

ÚRVINNSLA UMSÓKNA

- Skólarnir afgreiða umsóknir jafnt óháð því hvort þeir eru settir í fyrsta eða annað val.
 - Þeir horfa á einkunnir og raða eftir þeim
- Einungis einn skóli býður hverjum nemanda skólavist.
- Nemandi sem ekki fær skólavist í þeim skólum sem sótt er um er fundin skólavist í þriðja skóla.
 - Undanfarin ár hafa 98% nemenda fengið skólavist í öðrum hvorum þeirra skóla sem sótt var um í.

AÐSTOÐ VIÐ NEMENDUR

- Facebook síða „Ráðgjöf vegna innritunar í framhaldsskóla“
- Hjá Menntamálastofnun, www.mms.is
- Heimasíður framhaldsskólanna
- Hjá náms- og starfsráðgjöfum í grunn- og framhaldsskólum